



Valáfangar í 10. bekk Skólaárið 2018-2019



Námsskipan og valáfangar í 10. bekk skólaárið 2018-2019

Valgreinar eru ekki aukagreinar. Þær eru jafn mikilvægar og skyldunámsgreinarnar og kröfur um ástundun og árangur verða á engan hátt minni í valgreinum en í skyldunámsgreinum.

Framboð valgreina er mismunandi á ári hverju. Nemendur velja þær greinar sem þeir hafa mestan áhuga á og síðan aðrar greinar til vara.

Miðað er við að nemandi í 8. bekk hafi 37 kennslustundir á stundatöflu á viku. Allir nemendur stunda nám í kjarnagreinum sem eru samtals 30 kennslustundir. Nemandi velur því 6 kennslustundir til viðbótar af valgreinum og er hver valgrein er ein eða tvær kennslustundir á viku. Til viðbótar velja nemendur sér eina kennslustund á viku í bóklegum greinum sér til stuðnings eða dýpkunar á námsefninu.

Í þessu hefti eru upplýsingar um þær fjölmörgu valgreinar sem verða í boði í Njarðvíkurskóla næsta veturn ef næg þátttaka fæst í hópa. Flestar kjarnagreinarnar eru bóklegar og því getur verið hentugt fyrir marga nemendur að velja einhverjar verklegar greinar til að auka fjölbreytni námsins.

Það skal tekið fram að aðstæður geta orðið á þann veg að erfitt getur orðið að verða við aðal óskum nemenda um valgrein og þá er vara kosturinn tekinn. Því er mikilvægt að það sem nemendur velja til vara séu valgreinar sem þau hafa áhuga á. Einnig áskilur skólinn sér rétt til að fella niður námstilboð ef umsækjendur eru of fáir.

Mikilvægt er að nemendur fari vel yfir lýsingar á valgreinum með foreldrum/forráðamönnum sínum og íhugi vandlega hvað sé æskilegt að velja. Einnig getur verið gott fyrir nemendur að ræða við umsjónarkennara, kennara einstakra greina eða námsráðgjafa og fá hjá þeim leiðsögn. **Skipulag á stundatöflu næsta vetrar tekur mið af valgreinum og því er ekki hægt að breyta vali í haust þegar skóli hefst.**

Það er von okkar að allir nemendur finni áhugaverða valkosti.

Nemendur eru beðnir að skila undirrituðum valblöðum til aðstoðarskólastjóra í síðasta lagi föstudaginn 25. maí 2018.

Með kveðju.
Skólastjórn.



Valgreinar sem kenndar eru allt árið

Íþróttir/þjálfun-í samvinnu UMFN

Petta er valfag fyrir nemendur sem hafa stundað sömu íþrótt undanfarin tvö ár eða lengur. Aðeins kemur til greina að viðurkenna þjálfun nemenda sem stunduð er hjá deildum íþróttafélaga sem hafa hlotið viðurkenningu ÍSÍ sem fyrirmyndarfélag/fyrirmyndardeild. Nemendur greiða sjálfir æfingagjöld og annan kostnað til íþróttafélagsins. Til þess að nemendur geti valið þennan kost þurfa þeir að fá undirskrift frá þjálfara, foreldri og umsjónarkennara. Eyðublaðið fá nemendur hjá aðstoðarskólastjóra í upphafi skólaárs.

Markmið: Að viðurkenna störf nemenda innan íþróttafélaganna og hvetja þá til að taka íþrótt sína alvarlega.

Kennslutilhögun: Nemendur stunda þjálfun sinnar íþróttagreinar undir stjórn þjálfara. Njarðvíkurskóli metur þjálfunina til jafns við tveggja kennslustunda vikulega valgrein innan skólans. Aðstoðarskólastjóri hefur umsjón með að nemendur stundi þjálfun sína af vinnusemi og alvöru.

Námsmat: Lokið/ólokið.

Tónlistarnám-í samvinnu við Tónlistarskóla Reykjanésbæjar

Petta er valfag fyrir nemendur sem stunda tónlistarnám við Tónlistarskóla Reykjanésbæjar. Nemendur greiða sjálfir skólagjöld og annan kostnað til Tónlistarskólans.

Markmið: Að viðurkenna tónlistarnám nemenda og hvetja þá til að taka tónlistarnám sitt alvarlega.

Kennslutilhögun: Nemendur stunda tónlistarnám undir leiðsögn tónmenntakennara. Njarðvíkurskóli metur tónlistarnámið til jafns við tveggja kennslustunda vikulega valgrein innan skólans.

Námsmat: Lokið/ólokið.

Unglingadeildin Klettur fimmtudagskvöldum kl. 20:00 – 22:30

Unglingadeildaval í samstarfi við Björgunarsveitina Suðurnes.

Nemendur stunda nám í Unglingadeildinni Klettur og mæta á fundi á fimmtudagskvöldum kl. 20:00-22:30. Nemendur mæta jafnframt í dags- og helgarferðir 1 x 2 á önn. Nemendur mæta sjálfir þeim kostnaði sem tilfellur við ferðirnar, en honum er haldið í lágmarki og oftast koma nemendur sjálfir með nesti.

Markið: Að nemendur:

- verði sjálfstæðir einstaklingar.
- læri allt sem tengist útvist og ferðamennsku og fundið athafnaþrá sinni farveg.
- kynnist starfi björgunarsveita.

Námsmat: Umsögn um nemendur ásamt skráningunni lokið eða ólokið.

Gítar – grip og hjómaásláttur

Tvær kennslustundir á viku

Í gítarvali er nemendum kennt að leika á gítar undir söng. Farið er frá grunni yfir gítargripin og hljómaáslátt bæði með fingrum og gítarnögl. Einnig er kennsla fyrir þá sem eru komnir lengra í gítarspili. Færni nemandans er byggð upp í hægum skrefum



þannig að námið sé árangursríkt og skemmtilegt. **Nemendur þurfa að mæta með hljóðfæri í tíma og hafa einnig aðgang að gítar heima því jöfn og dagleg ástundun skilar mestum árangri.** Tvær kennslustundir á viku allan veturinn.
Námsþættir: vinnukonugripin, hljómaásláttur, brotnir hljómar (plokk), þvergrip, Mk og stakir hjómar

Námsefni og búnaður sem nemendur þurfa að hafa:

- bókin Gítarleikur „Grip & Hljómaásláttur
- gítar (nælon eða stáltrengja
- gítarnögl (medium)
- gítarcapo
- símaapp til að stilla

Hæfniviðmið - við lok áfanga getur nemandi:

- leikið einföldstu gítargripin
- náð grunnfærni í áslætti og plokki.
- leikið undir söng
- sýnt fallega framkomu,
- öðlast þekkingu á þvergripum auk mk og stk hljóma

Námsleiðir:

- dagleg þjálfun við hljóðfærið, 10-30 mín á dag.
- full virkni í tímum.
- skemmtileg lög
- möguleikar á sköpun “semja lög & texta”

Námsmat: Frammistaða og vinna í tímum metin.

Nemendaráð/félagsstörf/skólablað - kosið er í nemendaráð að vori

Tvær kennslustundir á viku

Markmið: Unnið er eftir markmiðum í aðalnámskrá í samfélagsfræðigreinum.

Markmið nemendaráðsins er að efla samvinnu milli ólíkra nemenda og virðingu fyrir störfum og skoðunum annarra. Einnig er verið að stuðla að ákveðni samfélagslegrí ábyrgð þar sem að vinna nemendaráðsins snertir beint aðra nemendur, ekki eingöngu þá sem eru í nemendaráði. Nemendur í nemendaráði vinna að skólablaðinu Njörður.

Námsefni: Verum virk - Félagsstarf, fundir og framkoma

Kennslutilhögun: Í hverri viku hittist nemendaráðið og fer yfir hvað þarf að gera á næstunni, skiptir með sér verkum og setur vinnuna í gang. Nemendum er skipt í nefndir og hefur hver nefnd yfirumsjón með hverju verkefni. Nefndirnar eru auglýsinga-, tónlistar-, íþróttá-, ljósmynda- og myndbandanefnd. Þegar það er ekki verið að vinna að viðburðum þá er farið í félagsstarfabókina Verum virk og/eða unnið að útgáfu skólablaðsins Njörður.

Námsmat: Gefið er lokið og ólokið fyrir vinnuna í nemendaráði. Venjulegt námsmat fer ekki fram líkt og í öðrum fögum heldur teljast nemendur hafa lokið áfanganum ef þeir mæta og vinna sína vinnu eftir bestu getu.



Námsgreinar í boði hálft árið

Fjörheimaval

Kennt í Fjörheimum (88 húsinu) að kvöldlagi kl. 20:00-22:00.

Markmið: Að nemendur kynnist því starfi sem unnið er í félagsmiðstöðinni, taki þátt í klúbbastarfi og sækji þá fræðslu sem boðið er uppá. Nemendur kynnast krökkum úr öðrum skólum og vinna með þeim að ýmsum verkefnum.

Kennslutilhögun: Nemendur mæta í klúbb að minnsta kosti einu sinni í viku og taka þátt í því starfi sem þar er boðið uppá

Námsmat: Mætingar, áhugi og virkni metinn.

Athugið að þessi valgrein er kennd að kvöldlagi í Fjörheimum og þurfa nemendur sjálfir að koma sér á staðinn.

Enski boltinn

Tvær kennslustundir á viku - Bókleg kennsla

Markmið: Innsýn inn í enska boltann frá hinum ýmsu sjónarhornum, t.d.

- ýmis tölfræði
- efri og neðri deildir
- árangur einstaklinga og liða
- leikgreining
- að nemandi geti myndað sér hlutlausa skoðun um ýmsa leiki og atburði
- o.fl. sem til fellur

Námsmat: Einkunn: Lokið/ólokið.

Fatasaumur - fatahönnun

Tvær kennslustundir á viku

Í veturnar verður unnið með grunnþætti í hönnun sem endar með því að hanna og sauma flík eftir 4 grunnþáttum s.s eldur, ís, vatn og loft.

Valáfanginn inniheldur: að útfæra eigin hugmyndir,

finna snið og taka upp snið, sauma flík að eigin vali

Nemendur útfæra síðan eigin hugmyndir, finna snið/búa til snið og sauma flík. Ætlast er til að nemendur haldi utan um verkefni sín með því að safna þeim í verkmöppu.

Verkefnið samanstendur aðalega í því að hanna og sauma flík að eigin vali.

Námsmat: mat á verkefnum, hugmyndavinna og verkferill. Einkunn gefin í lokið/ólokið.

Fatalitun.

Tvær kennslustundir á viku

Valáfanginn inniheldur: hönnun með litafræði, efnafræði tengd fatalitun, tilraunir með litasamsetningar, aðferðir við litun á flíkum

Í þessum áfanga gera nemendur tilraunir með fataliti og ýmsar aðferðir við fatalitun s.s. hnútalitun, teygju litun, vafnings litun og sprey litun

Nemendur lita flíkur sem þeir koma með að heiman

Þessi valáfangi einkennist af sköpun og gleði.

Námsmat: mat á verkefnum, verkmappa og verkferill. Einkunn gefin í lokið/ólokið.

Hár og snyrtинг

Tvær kennslustundir á viku

Markmið: Að nemendur geti gert einfaldar hárgreiðslur. Kunni að þrífa áhöld og húð. Umhirða á húð, hári og neglum.

Námsefni: Ýmis myndbönd, ljósrit frá kennara.

Kennslutilhögun: Bein kennsla, sýnikennsla og verklegar æfingar.

Námsmat: Lokið/ólokið.

Heimanám

Ein kennslustund á viku.

Nemendur sem eiga erfitt með heimanám geta valið að fara í heimanámstíma sem verður einu sinni í viku, þar sem kennari aðstoðar þá með heimanámið. Ef nemendur eru ekki með heimanám þá vikuna er tíminn notaður til að lesa í frjálslestrarbók.

Námsmat: Frammistaða og vinna í tímum metin. Einkunn gefin í lokið/ólokið

Heimilisfræði

Tvær kennslustundir á viku.

Markmið: Lögð er áhersla á að nemendur vinni sjálfstætt eftir mismunandi uppskriftum og þjálfí verklega færni og átti sig á mikilvægi samvinnu. Einnig að nemendur þjálfist í mismunandi bakstursaðferðum, geti útbúið mat frá ýmsum löndum, þjálfist í að útbúa heimilismat og meðlæti, þjálfist í að þrífa og ganga frá eldhúsi og í að leggja fallega á borð

Námsmat: Frammistaða og hegðun í tímum metin auk þess sem það eru tvö verklega próf á önninni sem gilda til lokaeinkunnar.

Hreyfing - hreysti

Tvær kennslustundir á viku- að mestu leyti verkleg kennsla.

Markmið: Að nemendur fræðist um íþróttir og hreyfinu. Að nemendur kynnist og fái grunnþekkingu í hinum ýmsu íþróttagreinum. Að nemendur temji sér jákvætt hugarfar gagnvart íþróttum og allri hreyfingu. Kennslan er að mestu leyti verkleg. Peir sem velja þennan áfanga verða að hafa brennandi áhuga á íþróttum. Einnig er stefnt að því að kynna nemendum framboð íþróttaiðkunar í bæjarféluginu.

Námsmat: áhugi og virkni í tímum

Hönnun og smíði

Tvær kennslustundir á viku.

Lögð er áhersla á að nemendur vinni sjálfstætt. Nemendur hanna einn eða fleiri hlut að eigin vali og ráðfæra sig við kennara um gerð hans. Í sameiningu meta nemendur og kennari síðan erfiðleika stig vinnunnar og skoða kostnaðinn sem fylgir. Endanleg ákvörðun um gerð hlutar er bundin því hvort til eru þau tæki í vinnustofunni sem þarf til að vinna hann, hvort nemandinn treystir sér til að vinna að verkefninu sjálfstætt og að kostnaðurinn sé raunhæfur.

Markmið: Að efla hugmyndaauðgi nemenda, kenna þeim sjálfstæð vinnubrögð, kynna fyrir þeim ólíkan efnivið, nemendur læri að beita verfærum á réttan hátt og temji sér góðan frágang.

Námsmat: Frammistaða í tímum er metin auk ástundunar og umgengi.

Ítalska

Ein kennslustund á viku.

Markmið: Að nemendur auki orðaforða, þekki muninn á helstu orðflokkunum og geti sett saman einfaldar setningar.

Kennsluhættir: unnið með orðaforða fyrri hluta annar og æfingu í framburði og samtölum á málinu á seinni hluta skólaársins.

Námsmat: Vinna nemenda, munnlegar kannanir, frammistaða og virkni í tínum.

Jóga

Ein kennslustund á viku.

Markmið: Með jógaiðkun vinnum við með líkama, huga og sál sem eina heild.

Iðkunin er þekkt fyrir að auka nútítund og minnka skvaldur hugsans. Þegar hugurinn kyrrist og við verðum meðvitaðri um augnablikið hér og nú eykst rýmið til að skynja okkur sjálf betur og uppgötva hver verið erum í raun og veru. Jógað felur í sér líkamsæfingar, öndunaræfingar, hugleiðslu og slökun.

Námsmat: frammistaða í tínum er metin auk ástundunar.

Jólaföndur

Tvær kennslustundir á viku hálfan veturinn

Markmið – að nemendur:

- * læri að vinna með mismunandi efni
- * læri vönduð vinnubrögð
- * þjálfí sig í hugmyndavinnu

Verkefni/tillögur að verkefnum:

*Ljósaseríu úr bómullargarni, ýmis form mótuð úr bómullargarni, jólasokkur,

Jólahjarta, jólápoki og fleira

Ætlast er til að nemendur útfæri eigin hugmyndir

Námsmat: Lokið/ólokið

Kertagerð

Tvær kennslustundir á viku

Valáfanginn inniheldur: endurvinnslu á kertaafgöngum,

aðferðir við kertagerð og að kynnast þeim tækjum sem notaðar er í kertagerð

Í þessum áfanga gera nemendur kerti úr kertaafgöngum og læri að endurnýta gamla kertaafganga ásamt því að fjalla um sjálfbærni, endurvinnslu og önnur gildi sem tengjast verkefninu.

Pessi valáfangi einkennist af sköpun og gleði.

Námsmat: mat á verkefnum, hugmyndavinna og verkferill. Einkunn gefin í lokið/ólokið.

Knattspyrna

Ein kennslustund á viku - verkleg kennsla

Markmið:

- stuðla að heilsusamlegri hreyfingu
- auka áhuga á knattspyrnu og hreyfingu almennt
- stuðla að jákvæðri upplifun af knattspyrnu og hreyfingu

Námsmat: einkunn: Lokið/ólokið.



Kvikmyndalestur

Tvær kennslustundir á viku.

Markmið: Að nemendur öðlist fární í myndlæsi sem er undirstaða þess að skilja fjöldi og einn grunnþátta fjöldalalæsis. Kvikmyndalæsi ýtir undir gagnrýna hugsun, eykur skilning nemenda á aðstæðum annarra og gerir þau víðsýnni en við kvikmyndalestur þarf ekki aðeins að huga að texta (samtal) heldur einnig myndmálinu, klippingum, kvikmyndatöku, hljóðvinnslu, tónlist, leik og svo mætti lengi telja. Kvíkmyndin inniheldur flestar aðrar listgreinar og því eru fletir hennar margir.

Námstilhögun: Kennsla fer fram í fyrirlestrarformi. Við munum auk þess vinna í hópum og horfa á vel valdar kvíkmyndir saman.

Námsmat: Glærukynning, þátttaka og frammistaða í tínum verður einnig metin til lokaeinkunnar.

Leiklist

Tvær kennslustundir á viku

Í leiklistarvali verður farið í nokkur grundvallaratrið í leiklist. Unnið verður með nemendum til að skapa, túlka og tjá eigin hugmyndir og reynda skapa sjálfstæði og sjálfsöryggi.

Það verður tekið þátt í Þjóðleik ásamt öðrum skólum á Suðurnesjum og í gegnum það setur hver skóli upp a.m.k. eina sýningu og svo er sýnt saman eina helgi á leiklistarhátíð sem er ekkert ólík „turneringu“ í körfubolta. Sýningin verður frumsýnd þegar nær degur vorinu og þegar leiklistarhátíðin er búin þá er valið búið sem þýðir að nemendur þurfa ekki að mæta aftur eftir sýningu en hins vegar þurfa nemendur að vera tilbúnir að leggja á sig talsverða aukavinnu fram að sýningu því það þarf að æfa stundum á kvöldin eða eftir skóla.

Námsmat: lokið/ólokið

Leir og glerlist

Tvær kennslustundir á viku

Að nemendur tileinki sér að vinna með leir, aðalega steinleir. Nemendur munu læra grunnþætti við leirvinnu og brennslu, þar fyrir utan verður kennd meðferð glerjunga. Útbúnar verða handmótaðar skálar, fíggúrur, formaðir nytjahlutir líkt og kertastjakar, vasar o.fl.

Í glervinnslu, læra nemendur glerskurð, brennslu og fleiri grunnþætti. Unnin verða verkefni þar sem notaðir eru litir, vírar, álpappír, mósaík auk þess verða útbúnar prufur að eigin vali sem hægt er að útfæra á stærri hluti. Útbúnar verða skálar, kertastjakar, myndir o.fl.

Námsmat: lokið/ólokið

Lestrarbjálfun yngri barna

Ein kennslustund á viku.

Markmið:

- að nemendur fái innsýn í starf kennara.
- að nemendur fái leiðsögn í lesbjálfun yngri barna.
- að nemendur öðlist reynslu í að umgangast og að vinna með börnum.

Viðfangsefni :

- nemendur fái leiðsögn í að þjálfalestur yngri barna.

-nemendur læra ýmsar leiðir til þjálfunar á lestri.

-nemendur sinna lestrarþjálfun yngri nemenda í Frístundaskóla.

Námsmat: virkni, þátttaka og áhugi nemenda metinn. Einkunn gefin í lokið/ólokið

Liðveisla

Ein kennslustund á viku

Markmið: Að nemendur fái innsýn í þau störf sem unnin eru í yngri bekkjum grunnskóla, frístundaskóla og leiksskóla. Nemendur aðstoða kennara og starfsmenn frístundaskólans með nemendur sem þar eru. Einnig fá nemendur möguleika á því að fara á leikskólann Gimli þar sem þau fá innsýn í starfsemina þar og/eða sem aðstoðarkennrar í yngri bekkjum.

Námsmat: Ástundun, sjálfstæð vinnubrögð, virkni og sjálfsmat.

Kennari: undir stjórn námsráðgjafa

Líffærafræði

Tvær kennslustundir á viku.

Kennslan er samblanda verklegrar kennslu og verkefnavinnu. Helstu líffærin verða krufin og verkefni unnin í tengslum við það. Nemendur kynna sér einnig algenga sjúkdóma tengjast mannlíkamanum, orsakir þeirra og meðferð.

Markmið:

-Að nemendur þjálfist í vísindalegum vinnubrögðum

-Að nemendur fái áhuga á líffærafræði

Námsmat:

Frammistaða í tínum, ástundun og umgengni og skil á verkmöppu með skýrslum

Myndlist

Tvær kennslustundir á viku.

Formfræði, litafræði, teikning/skissur. Leirmótun, þurrkferli, glerungar, steypa, gifs, vír/hænsnanet, tré, skúlp túrar, klippimyndir og ljósmyndun.

Námsmat: Ástundun og verkefni annarinnar metin til einkunnar.

Námstækni

Tvær kennslustundir á viku

Markmiðið er að nemandi læri góðar og árangursríkar aðferðir til að læra sem eiga að auðvelda honum námið ásamt því að gera hann að betri námsmanni. Námstækni á að kenna nemandanum að læra betur og á styttri tíma.

Námskeiðið myndi byggjast upp á að nemandi lærir; mismunandi námsaðferðir, að gera námsáætlun, að gera glósur, mismunandi lestraraðferðir, að bæta minni, að bæta einbeitningu, hvernig á að gera ritgerðir og hvernig á að læra fyrir próf.

Einnig er farið inn á sjálfsþekkingu (finna hvaða námsaðferðir henta hverjum), hugarkort, tímastjórnun og að taka ábyrgð á eigin námi

Núvitund – slökun - hugleiðsla

Ein kennslustund á viku.

Markmiðið er að nemendur fræðist um núvitund, slökun og hugleiðslu með dassi af heilbrigðum lífsstíl. Farið yfir helstu aðferðir og nemendur æfa sig svo nemendur verða að vera virkir í tínum.

Námsmat: lokið/ólokið



Prjónaval

Tvær kennslustundir á viku.

Í þessum áfanga er megináhersla lögð á hverskonar prjón þar sem nemendur bæta við kunnáttu sína í prjóni. Nemandinn lærir að prjóna bruggðnalykkju, fella af í prjóni og að fytja upp lykkjur

- Æfir sig í að prjóna með 5 prjóna
- Æfir sig í að prjóna munstur.

Nemendur velja sér verkefni í samráði við kennara. Einngi er notast við prjónablöð og bækur sem tengjast faginu.

Einnig er markmiðið að hafa gaman af að skapa hluti og njóta afrakstursins.

Skólahreysti:

Tvær kennslustundir á viku - Að mestu verkleg kennsla

Farið er í grunnæfingar fyrir Skólahreysti þ.e. styrktar, þol og hraðaæfingar. Áhersla er lögð á tækniatriði og reglur í sambandi við Skólahreystibrautina auk annarra þátta er skipta máli s.s. mataræði á keppnisdegi og á undirbúningstímabilinu.

Skólahreystileppni grunnskólanna fer fram á hverju vori. Markmiðið okkar er að þjálfa fulltrúa Njarðvíkurskóla fyrir keppnina. Þeir sem velja þennan áfanga munu taka þátt í undankeppni Njarðvíkurskóla í Skólahreysti og verða því allir að vera tilbúnir til að taka þátt í lokakeppninni. Þeir nemendur sem eru valdir til að taka þátt í lokakeppninni eru einnig í Skólahreysti sem valgrein á vorönninni.

Námsmat: Áhugi, virkni, framfarir og árangur.

Skrautskrift:

Ein kennslustund á viku

Markmið: Læri að beita þeim verkfærum sem notuð eru í skrautskrift. Læri myndun lítilla stafa, stafagerð, form þeirra og lögun.

Námsgögn: Efni frá kennara

Kennsluaðferðir:

-Sköpun - Nemendur skapa eigin skrift og skreytingar á stöfum

-Sýnikennsla - Kennari sýnir á töflu myndun stafa og stafagerða

-Verklegar æfingar - Verklegar æfingar unnar í tínum

Námsmat: Mat á frammistöðu í tínum, verkmappa og tvö skrifleg próf

Spilavinir

Ein kennslustund á viku

Markmið: að nemendur kynnist ýmsum borðspilum sem og spilum með spilastokk.

Góð æfing í samskiptum og félagsfærni.

Námsmat: lokið/ólokið

Spænska:

Ein kennslustund á viku.

Markmið: Að nemendur auki orðaforða, þekki muninn á helstu orðflokkunum og geti sett saman einfaldar setningar.

Kennsluhættir: önninni er skipt í þrjá hluta þar sem áhersla er lögð á nafnorð, lýsingarorð og sagnorð. Stuttir textar lesnir og orðaforði byggður upp.

Námsmat: Vinna nemenda, frammistaða í tínum og kannanir

Umhverfisvæn 3D

Tvær kennslustundir á viku.

Markmið: að nemendur útbúi endurvinnsluvél til að endurvinna plast sem notað yrði síðan í 3D penna og 3D prentara. Þegar vélarnar eru tilbúnar þá snýst valið meira um endurvinnslu og hönnun ásamt því að læra 3D tækni, 3D prentun, 3D hönnun (3D hönnunarforrit eins og Sketchup) og 3D skönnun. Nemendur læra um mismunandi tegundir af plasti og endurvinnslumöguleika þeirra ásamt því að fá grunn í 3D fræðum.

Námsmat: virkni í tínum, sjálfstæði, frumkvæði metið sem og verkefni sem nemendur vinna. Einkunn: lokið/ólokið

Upplýsinga- og tæknimennt

Tvær kennslustundir á viku.

Markmið: megin tilgangur kennslu í upplýsinga- og tæknimennt er að gera nemendur hæfa í að vinna með fjölbreytt gögn á ýmsu formi, nýta ýmis gögn og tæki og fjölbreyttar leiðir til úrvinnslu verkefna og að þjálfa nemendur til að vera virkir í samvinnu og samskiptum í alþjóðlegu, fjölmennigarlegu samfélagi.

Námsmat: skil á verkefnum verður metin til einkunnar. Einkunn: Lokið/ólokið.

Útivist og hollusta

2 kennslustundir

Kennslutilhögun: Unnin verða ýmis verkefni bæði skrifleg og munnleg. Farið verður í 2-3 stytti göngutúra um nágrenni skólans, þar sem nemendur fá að kynnast því hvernig er að nota GPS-tæki og áttavita við rötun.

Markmið: Stuðla að heilbrigðu líferni, s.s. aukinni hreyfingu og hollu mataræði. Geta bjargað sér úti í náttúrunni á ferð um landið og læra að rata við ýmsar aðstæður. Góður undirbúningur ef nemendur hugsa sér t.d. að ganga til liðs við Björgunarsveitir, þar sem reynir á hreyfigetu og heilbrigði. Námsefni: Ýmsar bækur, blöð og bæklingar sem fjalla um þetta viðfangsefni, ásamt efni af veraldarvefnum. Einnig verður ýmislegt efni sótt í reynslubankann. **Námsmat:** Virkni, þátttaka og áhugi nemenda metinn sem og verkefnavinna. Einkunn gefin í lokið/ólokið.

Práðlist.

Í þessum áfanga ætlum við að vinna með bómullargarn sem vafíð er í kringum hringлага form og einnig önnur form eftir því hvað nemandinn vill vinna með hverju sinni.

Valáfanginn inniheldur: hugmyndafræði og sköpun, mismunandi vinnuaðferðir

Verkefni

Ljósaseríu úr bómullargarni

Ýmis form mótuð úr bómullargarni

Hugmyndir frá Pinterest og fleira því tengt.

Pessi valáfangi einkennist af sköpun og gleði.

Námsmat: mat á verkefnum, hugmynda mappa og verkferill. Einkunn lokið/ólokið



Áfangar í Fjölbautaskóla Suðurnesja

Boðið er upp á valfög í FS fyrir þá nemendur sem standa sig vel í námi og ástundun náms. Í boði er að sækja tíma einu sinni í viku (þriðjudaga og/eða miðvikudaga) í STÆ-annað þrep, ENS- annað þrep og SPÆ og Þýska– fyrsta þrep með öðrum grunnskólanemendum. Einnig eru þrír verklegir áfangar í boði, það er rafmagnsfræði, trúsmíði og textíl og hár og er kennt einu sinni í viku allt árið.

Mætingareglur Fjölbautaskóla Suðurnesja

- Grunnskólanemendur sem eru í valfögum í Fjölbautaskóla Suðurnesja þurfa að fara eftir þeim mætingareglum sem gilda í FS.
- **Gert er ráð fyrir að nemendur mæti í allar kennslustundir.** Kennt er í verklegum valáföngum á þriðjudögum, miðvikudögum og fimmtudögum frá kl. 14:50 til kl. 16:20.
- Ef nemendur eru veikir eða þurfa leyfi þarf að tilkynna það með því að hringja á skrifstofu FS í síma 421-3100.
- Grunnskólarnir eru látnir vita ef það falla niður tímar í FS.
- Það er **ekki** frí í valfögunum þó að kennsla falli niður í grunnskólunum, til dæmis vegna starfsdaga eða annars.
- Ef nemendur sjá fram á það að vera frá skóla í einhvern tíma, til dæmis vegna utanlandsferða, er hentugra fyrir þá að taka valfög í grunnskólanum. Það er mjög erfitt fyrir nemendur að missa úr tíma í FS, þar sem þeir eru bara einu sinni í viku, sérstaklega í verklegum greinum þar sem þeir hafa ekki möguleika á því að vinna verkefnin heima.
- Mætingareglurnar má skoða í heild sinni á heimasíðu skólans www.fss.is undir Skólinn og Skólareglur.

Enska – annað þrep:

Inntökuskilyrði: góð enskukunnaátta, góð ástundun og virkni í námi. Nemendur þurfa að ná einkunn sem FS krefst á 2. þrep (A eða B+). Einnig er stuðst við mat faggreinakennara.

Áhersla er lögð á að nemendur verði vel læsir á krefjandi texta. Þeir verða þjálfaðir í að tileinka sér krefjandi orðaforða, tjá hugsun sína skýrt í riti og rökstyðja skoðanir sínar. Áhersla er lögð á vandlegan lestur texta með það fyrir augum að byggja upp virkan orðaforða og góðan skilning. Lesin eru bókmenntaverk úr hinum enskumælandi menningarheimi

Stærðfræði – annað þrep

Inntökuskilyrði: góð stærðfræðikunnaáttu, góð ástundun og virkni í námi.
Nemendur þurfa að ná einkunn sem FS krefst á 2. þrep (A eða B+). Einnig er stuðst við mat faggreinakennara.

Meginefni áfangans er algebra, föll og hornaföll í rétthyrndum þríhyrningi. Efnisþættir sem teknir verða fyrir í áfanganum eru: bókstafareikningur, veldi og rætur, jöfnur af öðru stigi, könnun annars stigs ferla (fleygboga) í hnitakerfi, meðferð algebrubrota margliðudeiling, ójöfnur af fyrsta og öðru stigi og hornaföll í rétthyrndum þríhyrningi. Föll: fallhugtakið er innleitt og nokkur algeng föll kynnt.

Spænska – málfræði og menning

Inntökuskilyrði: góð tungumálakunnáttu, góð ástundun og virkni í námi.

Í áfanganum er lögð áhersla á grundvallaratriði í málfræði spænskrar tungu og menningu spænskumælandi þjóða. Einnig eru nemendur þjálfadír í að tjá sig um almenn atriði daglegs lífs í ræðu og riti. Rétritun og framburður er æfður ásamt þjálfun í lesskilningi. Nemendur eru hvattir til að nota kennsluforrit á spænsku til að æfa sig í málfræði, orðaforða, framburði, rétritun og lesskilningi.

Pýska er málið

Inntökuskilyrði: góð tungumálakunnáttu, góð ástundun og virkni í námi.

Pýska fyrir byrjendur sem valáfangi í grunnskóla.

Megináhersla er lögð á að nemendur tileinki sér undirstöðuatriði tungumálsins í gegnum leiki, myndbrot og léttar talæfingar. Þeir eru þjálfadír í framburði, lestri, hlustun, tali og ritun. Áhersla er lögð á uppbyggingu orðaforða og samskipti. Í lok áfangans eiga nemendur að geta sagt á einfaldan hátt frá sjálfum sér, fjölskyldu, umhverfi og áhugamálum.

Hæfniviðmið áfangans er að nemendur skilji talað mál um kunnuglegt efni, ef talað er hægt og skýrt og tekið þátt í einföldum samræðum.

Kynning á rafmagni

Athugið að nemendur þurfa að hafa staðið sig vel í ástundun og hafa sýnt góða virkni í öllu námi, bóklegu sem verkleg til að geta sótt þetta valfag.

Kennt í FS á miðvikudögum kl. 14:50 – 16:20

Í áfanganum er farið í verktækni og umgengni um kennslubúnað. Nemendur læra að beita helstu hand- og rafmagnsverkfærum. Fjallað er um framleiðslu raforku og hvernig henni er dreift. Fjallað er um efni, efnisfræði og búnað í minni neysluveitum. Nemendur fá æfingu í að leggja lagnir í tiltekið lagnarými. Þá læra þeir að lóða með lóðbolta og að setja saman einfalt rafeindatæki. Hluti námsins er bóklegur með skriflegum prófum.

Kynning á trésmíði

Athugið að nemendur þurfa að hafa staðið sig vel í ástundun og hafa sýnt góða virkni í öllu námi, bóklegu sem verkleg til að geta sótt þetta valfag.

Kennt í FS á miðvikudögum kl. 14:50 – 16:20

Í áfanganum er farið í verktækni og umgengni um kennslubúnað. Nemendur læra að beita helstu hand- og verkfærum. Hluti námsins er bóklegur með skriflegum prófum.



Textíl og hár

Athugið að nemendur þurfa að hafa staðið sig vel í ástundun og hafa sýnt góða virkni í öllu námi, bóklegu sem verkleg til að geta sótt þetta valfag.

Kennt er einu sinni í viku tvær kennslustundir, aðra vikuna textíl og hina hár.

Nemendur kynnast tískustraumum í hártísku, fatnaði og förðun. Verklegur áfangi.

Textílhлuti:

Dæmi um verkefni:

Nemendur sauma t.d. leggings, bol/peysu, mjúkar buxur, tískuteikning, litir og fl.

Hver og einn getur valið sér auðveld verkefni miðað við eigin stíl og fatasmekk.

Kennt á saumavélar og að taka mál og velja snið eftir vexti.

Hársnyrtihлuti:

Hársnyrtinámið kynnt.

Nemendur vinna verklegan hluta t.d hárþvott og næringarnudd. Fræðast um helstu hársnyrtivörur.

Kenndar verða fléttur og einfaldar greiðslur.

Farið í gegnum hár- og húðumhirðu ásamt létri förðun.

Kennd notkun áhalda, sléttujárn, krullujárn, keilujárn, bylgju og vöfflujárn.

Tölvuleikjaforritun

Athugið að nemendur þurfa að hafa staðið sig vel í ástundun og hafa sýnt góða virkni í öllu námi, bóklegu sem verkleg til að geta sótt þetta valfag. Einnig þurfa nemendur að vera sterkir í stærðfræði.

Markmið áfangans er að nemendur kynnist hugtökum forritunar og þjálfist í að skrifa kóða með lykkjum, föllum, og skilyrðissetningum.

Í áfanganum munu nemendur kynnast grunnatriðum forritunar og er þá leitast við að nota myndræna miðlun á efninu. Nemendur munu kynnast því hvernig hægt er að nota mismunandi verkfæri og búa þannig til sín eigin forrit.

Nemendur læra að þekkja einföld forritunarhugtök og geta lýst í stuttu máli hvað forritun er og hvernig hún virkar. Nemendur kynnast fjórum mismunandi aðferðum til að búa til forrit.